

Reykjavík, 14.11.2013

/

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 120. mál
- Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur**

Samkvæmt frumvarpinu verður stytur sá tími sem framkvæmdaraðili hefur til að hefja framkvæmdir um þrjú ár, úr tíu árum í sjö, án þess að óska þurfi ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi matskýrslu og málsmeðferð vegna hennar. Einnig er gert ráð fyrir því að frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála geti óskað eftir slíkri endurskoðun.

Orkuveita Reykjavíkur leggst alfarið gegn því að stytta þann frest sem framkvæmdaraðilar hafa til að hefja framkvæmdir frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Í greinargerð með frumvarpinu koma ekki fram rök fyrir því að eðlilegt sé að þessi frestur sé sjö ár frekar en tíu ár. Framkvæmdir geta af ýmsum ástæðum dregist án þess að forsendur breytist. Tillagan er íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila þar sem gert er ráð fyrir að taka matsferlið upp aftur og ekki verður séð hver ávinningurinn er fyrir aðra hagsmunaaðila, enda er það ekki rökstutt í frumvarpinu.

Orkuveita Reykjavíkur sér ekkert því til fyrirstöðu að frjálsum félagasamtökum verði veitt aðild að ákvörðun um hvort endurskoða eigi matskýrslu að liðnum tíu ára frestinum.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir



Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Samorka